



Tilnefning til Norrænu barnabókaverðlaunanna.

Félag fagfólks á skólasöfnum tilnefnir íslenska barnabók til Norrænu barnabókaverðlaunanna en bókin er Bókasafn ömmu Huldar eftir Þórarin Leifsson.

Verðlaunin eru heiðursverðlaun sem samtök norrænu skólasafnanna, Nordisk skolebibliotekarforening, og forstöðumenn þeirra hafa staðið að allt frá 1985.

Þar sem verðlaunin eru samnorræn er það síðan undir norrænni dómnefnd komið, sem hittist núna í mars hvaða höfundur hlýtur verðlaunin. Fulltrúi Íslands í þeirri nefnd er Þóra Jónsdóttir Öldutúnsskóla. Verðlaunin verða síðan veitt næsta vor, nánar tiltekið á ráðstefnu Nordisk skolebibliotekarforening sem haldin verður 15. – 18. júní nk í Stenungssund í Svíþjóð.

Þess má geta að fjórum sinnum hafa verðlaunin fallið íslenskum rithöfundum í skaut. Þeir eru: Guðrún Helgadóttir 1992, Kristín Steinsdóttir 2003, Ragnheiður Gestsdóttir 2005 og Brynhildur Þórarinsdóttir 2007.

Upphaflega voru verðlaunin veitt ár hvert en síðan 2007 hafa þau verið veitt annað hvert ár.

Höfundurinn, Þórarinn Leifsson, er fæddur 1966. Hann stundaði myndlistarnám við Listaháskóla Íslands og hefur starfað bæði við myndskreytingar og vefhönnun.

Meðal verka hans eru myndskreytingar við röð ævintýra eftir H.C. Andersen sem kom út víða á Norðurlöndum.

Fyrsta barnabók Þórarins, *Algjört frelsi*, kom út árið 2001. Þá bók skrifaði hann með Auði Jónsdóttur. Næst sendi hann frá sér *Leyndarmálið hans pabba* árið 2007. *Bókasafn ömmu Huldar* kom síðan út 2009. Fyrir hana hlaut Þórarinn Barnabókaverðlaun Menntaráðs Reykjavíkur 2010.

F.h. stjórnar Félags fagfólks á skólasöfnum
Siggerður Ólöf Sigurðardóttir

